

The world



would be a

2014

better place if

all politicians

ÁRSSKÝRSLA

that govern

this world had

2015

gone on AFS

programs

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

100 ÁRA HEIMSPING AFS
PARÍS / NÓVEMBER / 2014

AFS Á ÍSLANDI

Ingólfsstræti 3, 2. hæð

P.O. Box 753

121 Reykjavík

☎ (+354) 552 5450

info-isl@afs.org

afs.is

facebook.com/skiptinemi

Hönnun og uppsetning: Vinnustofan Farvi - farvi.is

Myndir: Baldur Kristján, starfsmenn, sjálfboðaliðar AFS, shutterstock.com og fleiri

EFNISYFIRLIT

STJÓRN OG STARFSFÓLK	3
FRÁ FORMANNI	4
FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA.....	6
ÍSLENSKIR NEMAR	8
KRISTJÁN GÍSLA Í HEIMSREISU	9
ERLENDIR NEMAR.....	10
100 ÁRA AFS.....	13
FRÁ VERKEFNASTJÓRA	14
TUNGUMÁLANÁMSKEIÐ +13 ÁRA	14
SKÓLASAMSTARF VIÐ RÚSSLAND	16
RÁÐSTEFNA Í ARGENTÍNU	17
REYKJAVÍKURDEILD	18
SJÁLFBODALIÐAR ÁRSINS.....	19
SJÁLFBODALIÐI Á SKRIFSTOFU	20
MAMEN	21
NORDIC MEETING.....	21
IDD	22
MENNINGARLÆSI OG MINNHLUTAHÓPAR.....	22
VSS.....	23
ÁRSREIKNINGUR	24

AFS Á ÍSLANDI 2014-2015

STJÓRN OG STARFSFÓLK



▲
Starfsfólk skrifstofu AFS

frá vinstri: Guðrún Hulda, Jóna Fanney, Sólveig Ása og Agnes Vala



▲
Ragnar Þorvarðarson
Formaður
Skiptinemi í Mexíkó 2005-2006



▲
Elin Ósk Helgadóttir
Varaformaður
Skiptinemi í Argentínu 2002-2003



▲
Gylfi Ólafsson
Gjaldkeri
Skiptinemi í Ekvador 2001-2002



▲
Andrés Jónsson
Skiptinemi í Indónesíu 1994-1995



▲
Edda Huld Sigurðardóttir
Skiptinemi í Ekvador 1982-1983



▲
Elva Karítas Baldvinsdóttir
Skiptinemi í USA 2012-2013

Stjórn Hollvina AFS á Íslandi 2015

Erlendur Magnússon, formaður
Lára V. Júlíusdóttir
Þorvarður Gunnarsson



▲
Ísól Fanney Ómarsdóttir
Skiptinemi í Paragvæ 1988-1989



▲
Katrín Þóll Ingólfssdóttir
Skiptinemi á Ítalíu 2010-2011



▲
Þór Ásgeirsson
Faðir sendra nema og
fósturfaðir erlends nema

TEXTI

Rúnar Skúli Magnússon
Formaður AFS á Íslandi



FRÁ FORMANNI

Síðasta árið hefur verið viðburðaríkt hjá AFS á Íslandi. Á starfsárinu var því fagnað að 100 ár eru liðin frá því að samtökin voru stofnuð á Heimsþingi í París. Gæði eru til fyrirmyndar, en mælingar alþjóðaskrifstofu AFS sýna sterka stöðu AFS á Íslandi. Ísland hefur auk þess átt fulltrúa á flestum stærri viðburðum á vegum alþjóðaskrifstofu AFS og EFIL og þannig haft áhrif á samtökin til framtíðar.

100 ára afmæli AFS

Árið 2014 voru 100 ár liðin síðan að bandaríkjamáðurinn A. Piatt Andrew stofnaði samtökin American Ambulance Field Service (AAFS, seinna AFS) til að bjarga eins mörgum lífum og hægt var í fyrri heimsstyrjöldinni. Samtökin voru stofnuð í París, og því vel við hæfi að halda Heimsþing AFS árið 2014 þar. Á heimsþinginu hittust fulltrúar frá flestum af rúmlega 50 aðildarfélögum AFS og horfðu á árangur síðustu 100 ára, ásamt því að horfa til framtíðar og spyrja sig hvar vilja samtökin vera eftir 100 ár.



Niðurstöður þingsins voru áframhaldandi áhersla á menningarlausni bæði til einstaklinga innan og utan samtakanna. Einnig er áhersla á vöxt bæði í fjölda ungmenna sem við sendum og tökum á móti, en ekki síður í þeim fjölda einstaklinga sem við snertum í gegnum fræðslu og tengingum milli ólíkra menningarheima.

Sjálfbóðaliðar AFS tóku þátt í flestum þeim hátíðarhöldum sem haldin voru í tilefni af afmælinu, annað hvort sem þátttakendur eða skipuleggjendur.

Samningur við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í Erlendum Tungumálum

Í kjölfar heimsþingsins fór fram málþing í höfuðstöðvum UNESCO í París undir yfirskriftinni „Learning to Live Together – from Ideas to Action“. Einn af fulltrúum í panel umræðum var frú Vigdís Finnbogadóttir,

fyrirum forseti Íslands og velgjörðasendiherra UNESCO. Vigdís vakti mikla athygli meðal gesta málþingsins. Sérstaklega hefur ein tilvitnun vakið athygli: “The world would be a better place if all politicians that govern this world had gone on AFS programs” og hefur hún farið eins og eldur í sinu um AFS netið.

Á þinginu var undirritaður samningur milli AFS á Íslandi, Hollvina AFS og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um samstarf við vinnslu á rannsókn á menningarlausni í tengslum við skiptináám erlendra nema á Íslandi og Íslenskra nema erlendis.

AFS á Íslandi hafði milligöngu með að óska eftir þátttöku Vigdísar á málþinginu og skipuleggja ferðalag hennar. Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri AFS á mikið hrós skilið fyrir hennar þátt í málinu, enda allt skipulag til fyrirmyndar.

Sjálfbóðaliðastarf

Starf sjálfbóðaliða AFS á Íslandi hefur haldið áfram að styrkjast á starfsárinu. Sjálfbóðaliðarnir okkar hafa verið áberandi á alþjóðavettvangi auk þess sem að námskeið innanlands halda áfram að vera í hæsta gæðaflokki. Samskipti okkar við EFIL (European Federation for Intercultural Learning) hefur verið sterkt á árinu. Þar skiptir miklu máli að Ragnar Þorvarðarson, fyrirum formaður AFS á Íslandi situr í stjórn EFIL og Marín Björt Valtýsdóttir hefur starfað sem EVS (European Volunteer Service) sjálfbóðaliði á skrifstofu þeirra í Brussel.

Með þáttöku sjálfboðaliða frá Íslandi í málþingi ungs fólks innan AFS (AFS Youth Forum) bæði í Frakklandi síðasta haust, og í Argentínu í vor hefur AFS á Íslandi tekið þátt í að móta framtíð samtakanna með nýja kynslóð í huga.

Alma Dóra Ríkarðsdóttir sem var okkar fulltrúi á málþingi ungs fólks í Argentínu hefur nú verið valin sem ein af tveimur fulltrúum AFS á heimsvísu til að taka þátt í málþingi ungs fólks á vegum UNESCO (9th UNESCO Youth Forum). Þetta er stór áfangi sem sýnir enn og aftur hvað AFS á Íslandi býr yfir sterkum hópi sjálfboðaliða.

takast á við ný verkefni. Hún mun starfa með samtökunum út árið og aðstoða þannig nýjan framkvæmdarstjóra að komast inn í starfið.

Á árinu færði Guðrún Hulda Eyþórsdóttir sig frá AFS á Íslandi yfir til AFS í Noregi. Hún hefur verið öflugur liðsmaður á skrifstofunni, og átt stóran þátt í velgengni síðustu ára. Hún hefur undanfarin ár sótt mikla þekkingu í menningarlausni sem hefur nýst samtökunum vel.

Ég vil nýta tækifærið og þakka Jónu Fanney og Guðrúnu Huldu fyrir gott samstarf síðastliðin ár og óska þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Hún starfaði síðast sem skrifstofustjóri hjá Bifreiðaverkstæði Kópavogs, en hefur jafnframt unnið með Rauða Kross Íslands við aðlögun afgangskrar fjölskyldu að íslensku samfélagi. Ég hlakka til að vinna meira með Guðmundi og Sólbjörgu Lindu og býð þau hjartanlega velkomin til starfa

Það er vissulega áskorun að fylla í skarðið þegar tveir af fjórum starfsmönnum hætta með stuttu millibili. En með þær Agnesi Völu og Sólvægu Ásu áfram í teyminu og Jónu Fanney til stuðnings fram að áramótum munu Guðmundur og Sólbjörg Linda án efa komast hratt og vel inn í starfið.



Breytingar á skrifstofu

Fyrir fjórum árum síðan var Jóna Fanney Friðriksdóttir fengin til þess að taka að sér stöðu framkvæmdarstjóra tímabundið. Hún sat þá í stjórn félagsins og var upphaflega ráðin til að sinna starfinu í 3 mánuði. Þessir mánuðir hafa nú orðið að fjórum árum. Í framkvæmdarstjórnartíð hennar hefur hún náð miklum árangri hvernig sem á það er liðið. Reksturinn er til fyrirmyndar, starfsmannavelta hefur verið í lágmarki og sjálfboðaliðastarf hefur blómstrað. AFS á Íslandi skorar hátt í öllum þeim mælieiningum sem AFS International notar hvort sem það kemur að fjárhag eða gæðum. Á árinu tók Jóna Fanney þá ákvörðun að nú sé kominn tími til að

Þann 1. september síðastliðin tók Guðmundur Gunnarsson til starfa sem framkvæmdarstjóri samtakanna. Guðmundur vann síðast sem sölustjóri alþjóðasviðs 66°Norður þar sem hann stýrði neti umboðsmanna í 9 löndum. Guðmundur er með meistaraáráðu í alþjóðaviðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík, þar sem að hann tók eina önn í starfsnámi hjá fastanefnd Íslands í Genf. Guðmundur er með fjölbreytta og alþjóðlega reynslu sem stjórn telur að muni nýttast vel í starfi framkvæmdarstjóra AFS.

Sólbjörg Linda Reynisdóttir hóf einnig störf á skrifstofu AFS fyrir skömmu síðan en hún hefur unnið við fjölbreytt stjórnunarstörf.

Skólamálin í fyrsta sæti

Að þessu sinni hafa 3 stjórnarmeðlimir tekið ákvörðun að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Það eru þau Andrés Jónsson, Edda Huld Sigurðardóttir og Elín Ósk Helgadóttir. Þau hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu AFS og eiga hrós skilið fyrir vel unnið verk. Ég vil því nýta tækifærið og þakka þeim kærlega fyrir sitt framlag.

Á næstu misserum þarf að leggja mikla áherslu á skólamálin. Stjórn hefur skipað starfshóp sem mun vinna að því að auka viðurkenningu á AFS innan menntakerfisins. Þetta felur í sér að skólar geti tekið á móti skiptinimum án þess að það hafi fyrir þá neikvæð fjárhagsleg áhrif og að nemar sem fara á okkar vegum fái menntun sína metna þegar heim er komið. Einnig verður tækifærið nýtt til þess að skoða möguleika á samstarfi við fræðslu í menningarlausni.

Samkvæmt áætlun á að liggja fyrir niðurstaða fyrir úr rannsókn á menningarlausni í samstarfi við Hollvíni og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Áhersla verður lögð á að kynna niðurstöðurnar og nota þann vettvang til þess að breiða út boðskap AFS.

Stjórn er sammála um það að nú sé rétti tíminn til þess að auka áherslu á fræðslu um menningarlausni enn frekar og vill styðja sjálfboðaliða í þeirri vegferð. Hluti af því er námskeið í menningarlausni sem haldið er fyrir aðalfund þetta árið fyrir alla sjálfboðaliða.

AFS á Íslandi stendur vel þökk sé óeigingjörnu starfi fjölmargra aðila síðustu ár. Verkefni stjórnar, starfsfólks og sjálfboðaliða núna er að byggja á þessum árangri og halda áfram að stuðla að auknum skilning milli menningarheima.

TEXTI

Jóna Fanney Friðriksdóttir
Fráfrarandi framkvæmdastjóri



GRÓSKA GÆÐI GAMAN

Fjórir starfsmenn störfuðu á skrifstofu AFS í Ingólfsstrætinu á starfsárinu. Stöðugt er verið að vinna í að verkferlar leiði til hagræðingar í starfi og aukinna gæða. Fyrir liggur að stokka verkefni skrifstofu upp á þessu haustmisseri enda mjög misjafnt hvernig skrifstofur AFS um allan heim starfa. Frá stofnun félagsins á Íslandi árið 1957 hafa verkefni skrifstofu verið skýrt aðskilin undir „hýsingu“ og „sendingu“.

Gæðin að leiðarljósi

Undanfarin ár hefur verið lögð ríkuleg áhersla á aukin gæði og breytta verkferla og telja stjórnendur að kominn sé tími á endurskipulagningu verkefnanna sjálfra. Þannig er ætlunin að koma í veg fyrir stöðnun og að sama skapi reyna að koma í veg fyrir tíða starfsmannaveltu. Ljóst er að vegna mikillar sérhæfingar á skrifstofu tapast ætíð mikil þekking þegar starfsmaður hættir. Því verður leitast við að endurskipuleggja verkefni þannig að meira flæði verði á milli deilda og að starfsmenn vinni sameiginlega að hinum fjölbreyttu verkefnum sem varða bæði íslensku og erlendu nemana. Það eru því spennandi tímar framundan á skrifstofu AFS.

Auk hefðbundinna verkefna lögðu starfsmenn einnig áherslu á uppbyggingu nýrra tækifæra í takt við stefnumótun AFS á Íslandi sem samþykkt var af fyrri stjórn vorið 2014. Áhersla var á frekara samstarf við skóla landsins og auknum gæðum undirbúningsnámskeiða með áherslu á menningarläsi. Nýjum verkefnum var hrint úr vör með þetta í huga. Gengið var m.a. til samstarfs við *Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur* um rannsóknir í menningarläsi og er sú vinna

þegar hafin. Allt efni undirbúningsnámskeiða var endurgert og gefnar voru út veglegar handbækur fyrir fósturfjölskyldur og foreldra og íslenska nema. Tekið var á móti fulltrúum AFS í Rússlandi í sumar þar sem áhersla var lögð á að kynna þeim skólamáli á Íslandi. Sömuleiðis héldu tveir sjálfboðaliðar og einn starfsmaður skrifstofu til Rússlands á námskeið í skólamállum og heimsóttu AFS í Moskvu. Framkvæmdastjóri fór ásamt einum kennara úr VMA til Ístanbul á skólaráðstefnu í boði AFS í Tyrklandi.

Á ári hverju býður AFS í Tyrklandi til skólaráðstefnu. Jóna Fanney sést hér í góðum hópi starfsfólks AFS í Tyrklandi.



Rekstur

Rekstur félagsins gekk vel á starfsárinu og nam hagnaður á rekstrarárinu 11,3 mkr. Miðað við 140 mkr veltu er það vel ásættanlegt fyrir félagasamtök sem AFS. Það er auðvelt að greina í hvað þátttökugjöld AFS fara, en skiptinám er fjárfesting sem því miður ekki allir geta veitt sér. Því hefur undanfarin ár verið lögð áhersla á úthlutun styrkja. Efnaminni nemendur geta þannig sótt um í sjóð **Hollvina AFS á Íslandi**. Einnig veitir stjórn AFS ár hvert, svokallaða landastyrki. Á starfsárinu var þeim nemum sem sóttu um ársdvöl í Austur-Evrópu veittir styrkir að upphæð kr. 500 þúsund, til frádráttar þátttökugjaldinu.

Stefnumótun AFS var samþykkt vorið 2014.

STEFNUMÓTUN AFS Á ÍSLANDI

Aðgerðaáætlun 2014 - 2019 í samræmi við fræðslustefnu og Vision 2020

SÝN:

AFS á Íslandi verði leiðandi afl á sviði menningarlausis og -hafni á landsvisu í þeim tilgangi að Íslendingar þrói með sér þekkingu, hæfileika og skilning í gerð annarra menningarheima. Þannig telur AFS að unnt sé að stuðla að réttlátari og friðsallri heimi.

STEFNA:

Samtökin séu í fararbroddi með að kynna og fræða þjóðina um menningarlausis í alþjóðasamfélaginu.

AFS á Íslandi beiti sér jafnframt fyrir nýsköpun á sviði menningarlausis í samvinnu við rannsóknar- og menntastofnanir landsins.

AFS á Íslandi öðlist viðurkenningu stjórnvalda sem mennta- og fræðslusamtök.

	Grunnþættir			Samvinna	
	INNVIÐIR	YTRI AÐSTÆÐUR	GÆÐI & ÍMYND	SAMSTARF VIÐ HÍÐ OPINBERA	NÝSKÖPUN OG RANNSÓKNIR
	2014 - 2015	2014 - 2019	2014 - 2016	2014 - 2017	2014 - 2019
MARKMIÐ	Styrkja innviði og gæði starfsmanna með markvissri starfs- og fræðslubrúun starfsfólks og sjálfbæði. Koma upplýsingakerfi í fulla nýtingu í öllu starfi AFS.	AFS verði leiðandi á sviði menningarlausis og -hafni á landsvisu í árslok 2015. Samhliða því þarf að auka möguleika á styrkjum fyrir þátttökugildum.	AFS heldur áfram að bjóða upp á gæða þjónustu. Í kynningarstarfi AFS koma þau skilaboð skýrt fram að samtökin eru mennta- og fræðslusamtök.	Auka þarf skilning á mikilvægi menningarlausis í skólakerfinu. AFS beiti sér fyrir því að íslensk stjórnvöld viðurkenni skiptinemaárið og umbuni þátttakendum í formi eininga.	AFS nýti sérstöðu sína með að vera í fararbroddi sem sýnilegt og leiðandi afl í samfélaginu á sviði menningarlausis og stuðli að nýsköpun.
FRAMKVÆMID	Stuðla að því að fleiri starfsmenn og sjálfbæðiðar hjóti gæðabjálfun s.s. með stofnun Leiðtogaskóla AFS. Halda utan um allar upplýsingar um þjálfun í upplýsingakerfi.	AFS kynni hugtakið menningarlausis í samfélaginu m.a. á opnum fundum eða viðburðum. Fulltrúar AFS skrifi greinar í fjölmiðla. Unnið að auknum styrkjarmöguleikum með stjórn Hollvina.	Unnið verði eftir gæðastöðum, bæði eigin og INT. Kynningarefni AFS gefi áferð mennta- og fræðslusamtaka til kynna, þetta komi skýrt fram í fræðsluferli fyrir þátttakendur.	Fulltrúar AFS hefji viðræður við stjórnvöld um gildi óformlegrar menntunar erlendis. Stofna skal sendinefnd sem kynni málefnið fyrir ráðamönnum.	AFS hanni og bjóði upp á námskeið í menningarlausis fyrir fyrirtæki og stofnanir og fari í samstarf við menntastofnanir um rannsóknir á þessu sviði. Skoða þarf möguleika á nýjum prógrömmum.
ÁBYRGÐ	Stjórn og framkvæmdastjórn AFS á Íslandi.	Stjórn, framkvæmdastjóri og fræðslustjóri, Hollvinir AFS á Íslandi	Stjórn og framkvæmdastjóri.	Stjórn tilnefni aðila í sendinefnd til viðræðna við stjórnvöld.	Stjórn og Hollvinir AFS á Íslandi.

Gróska í starfinu

Gróska var í sjálfbæðiðastarfinu að venju og alltaf ánægjulegt þegar skrifstofan fyllist af ungu fólki. Irene Manganini var í starfsþjálfun (EVS) á skrifstofunni í 8 mánuði í gegnum Erasmus+ og þótti vel til takast að bæta í hóp starfsmanna. Irene er dyggur AFS-ari frá Ítalíu og kom hún með ferskar og fínar hugmyndir, skipulagði viðburði, vann mikið með sjálfbæðiðunum og aðstoðaði starfsmenn á allan hátt. Vegna góðrar reynslu af EVS þróámmu hefur AFS á Íslandi hug á að halda áfram að bjóða ungum frá Evrópu í starfsþjálfun á komandi árum. Fyrir næsta tímabil hefur AFS fengið 10 mjög góðar umsóknir, svo góðar, að vanda er úr að velja.

Komið að leiðarlokum

Á þessu ári eru liðin 35 ár frá því að ég hélt í mína skiptinemasvöl til Bandaríkjanna.

Segja má að ég hafi komið víða við í starfi AFS frá því að skiptinemasvöl minni lauk. Og aftur er komið að leiðarlokum, í bili allavega. Eftir fjögur ár sem framkvæmdastjóri AFS á Íslandi hef ég ákveðið að snúa mér að nýjum verkefnum. Þessi ár með AFS hafa verið skemmtileg og krefjandi. Það sem stendur uppúr er allt frábæra fólkið, samstarfsmenn, sjálfbæðiðar, foreldrar og skiptinemasarnir. AFS gengur út á fólk og þar með samskipti.



Skrifstofa AFS er líttill vinnustaður með mörg krefjandi verkefni. Því er afar mikilvægt að byggja upp gott teymi sem vinnur vel saman að settum markmiðum. Gott starfsfólk er ómetanleg auðlind. Ég hef sagt það áður að AFS er líftíll en ekki vinnustaður í þrengstu merkingu þess orðs. Hér stimplar fólk sig aldrei út á daginn. Ég tel að litla teymið okkar sem undanfarin fjögur ár hefur samanstaðið af undirritaðri, Agnesi Völu Bryndal, Guðrúnu Huldu Eyþórsdóttir og Sólveig Ásu B. Tryggvadóttir, hafi náð að byggja upp einingu og verkefna sem við getum verið stoltar af. Það er því góð tilfinning að yfirgefa gott bú og alltaf kemur maður í manns stað. Samstarfsfólki mínu færi ég sérstakar þakkir fyrir óeigingjart starf í gegnum árin. Ég á eftir að sakna allra sjálfbæðiðanna og nemanna sem fært hafa líf og fjör á þennan vinnustað allan ársins hring.

Takk allir!

TEXTI

Jóna Fanney
Fráfarandi framkvæmdastjóri

ÍSLENSKIR NEMAR UTAN

Á bókhaldsárinu 2014 (NH14 og SH15) héldu 67 nemar til ársdvalar á vegum AFS á Íslandi. Að auki fóru 4 nemar út á svokölluðu ECTP prógrammi, en um er að ræða 3ja mánaða dvöl í Evrópulandi. Skipting nemanna á heimsálfur og lönd er áþekkt og árið á undan. Ánægjulegt er þó að geta þess að í fyrsta skipti sendi AFS á Íslandi nema til Indlands.

Samdráttur var í fjölda ársnema frá síðasta ári og erfitt að henda reiður á hvað veldur. Segja má að margir samverkandi þættir hafi verið þar að verki, sem rekja má bæði í innra starfinu, s.s. færri skólakynningar en einnig getur almenn þjóðfélagsumræða um fjármál heimilanna einnig haft þar áhrif. Engin einhlít skýring er hér á. AFS hefur áður upplifað töluverðar sveiflur á milli ára án þess að geta krufið nákvæmlega hvað veldur.

Aukin gæði námskeiða - áhersla á viðveru foreldra

Undanfarin ár hefur starfsfólk skrifstofu lagt mikið uppúr gæðum undirbúningsnámskeiða og er markhópurinn ekki eingöngu íslensku ungmennin á leið út heldur einnig foreldrar þeirra. Allt námskeiðsferni hefur verið endurskoðað og gefin var út vegleg handbók fyrir skiptinema og foreldra þeirra á árinu.

Með aukinni tækni hefur skiptinemareynslan breyst til muna, það tekur nú örfáar sekúndur að komast í bein samskipti heim, veita fréttir bæði góðar og slæmar. Að því leitinu til hefur samskiptamynstur hagsmunaaðila breyst til muna. Hér á árum áður var það starfsfólk skrifstofu sem var fyrst með fréttirnar. Nú er svo komið að skrifstofu berast mjög oft símtöl frá foreldrum án þess að starfsfólk AFS

hafi nokkra vitneskju um málið og þá þarf að bregðast við með því að byrja á því að hafa samband við AFS í viðkomandi landi og leita upplýsinga.


Með ofangreint í huga er afar mikilvægt að foreldrar ungmennanna viti út á hvað AFS gengur, hvernig við vinnum og hvaða verkferlum við fylgjum. Undirbúningsnámskeiðin skipa þar lykilhlutverk.

Það er ekki ofsögum sagt að samskipti við þá (örfáu) forelda sem ekki hafa átt tækni að sækja undirbúningsnámskeiðið áður en börn þeirra halda utan, eru gjörólík viðbrögðum forráðamanna sem sótt hafa námskeiðið.



▲ Þriðja og síðasta undirbúningsnámskeið AFS var haldið á Akureyri. Hér má sjá hluta hópsins sem hafði veg og vanda af námskeiðinu. Staðarskáli tjekk!

BOÐLEIÐIR AFS-STUÐNINGSKERFISINS





Því leggur AFS á Íslandi gríðarlega áherslu á skyldumætingu foreldra ungmennanna. Auðvitað er aldrei hægt að tryggja 100% þátttöku, en AFS heldur þrjú námskeið fyrir allan þann fjölda nema sem fer á sumarbrottför, tvö í Reykjavík og eitt á Akureyri. Því er um þrjár helgar að ræða þar sem fólk getur mætt og sótt fræðslu um skiptinamadvöl AFS.

Guðrún Hulda er sérfræðingur í menningarlausni og sést hér þósa með sjálfum frelsaranum.



Takk Guðrún Hulda!

Guðrún Hulda Eyþórsdóttir sagði starfi sínu lausu í lok starfsársins og gekk til liðs við AFS í Noregi. Guðrún hefur verið ötull liðsmaður í teyminu á skrifstofunni í Ingólfsstrætunni sl. fjögur ár. AFS á Íslandi þakkar Guðrúnu Huldu fyrir frábær störf og óskar henni velfarnaðar hjá AFS í Noregi.

KRISTJÁN GÍSLA Í HEIMSREISU Á MÓTÓRHJÓLI

Kristján Gíslason fyrrum formaður AFS á Íslandi fór í heimsreiðu á mótórhjóli sínu frá ágúst 2014 fram í miðjan júní 2015. Starfsmenn skrifstofu AFS aðstoðuðu Kristján við vegabréfsáritunarmál áður en hann hélt út í heim og þóttust því eiga svolítið mikið í kalli meðan á ferðalaginu stóð.

Hér að ofan sést Kristján með AFS fánann í Atacama eyðimörkinni í Chile við listaverkið „Hönd eyðimerkurinnar“. Starfsmenn AFS fréttu síðar að Kristján hafi komið að þessu listaverki í miðri eyðimörkinni en ekki verið með AFS fánann í farteskinu. Því var ekkert annað í boði en að bruna tilbaka eina 80 km til að sækja fánann til að senda AFS þessa mynd. „Týpískur Kristján“ heyrðist þá úr öllum hornum skrifstofunnar með lotningu og starfsmenn biðu spennir eftir nýjum myndum og skeytum frá þessum mikla AFS öðlingi.

TEXTI

Sólveig Ása B. Tryggvadóttir
Deildarstjóri erlendra nema



ERLENDIR NEMAR Á ÍSLANDI

Pann 22. ágúst 2014 komu til landsins 30 erlendir nemar, 28 nemar voru hér í heilsársdvöl en einnig var tekið á móti tveimur nemum í þriggja mánaða ECTP dvöl (European Citizenship Trimester Programme). Þetta var í fyrsta sinn sem AFS á Íslandi tekur á móti nemum í ECTP dvöl á vegum EFIL. Tvær stúlkur komu hingað frá Ítalíu og Belgíu og voru þær búsettar í Reykjavík og á Hellissandi. Eins og svo oft áður komu hinir 28 nemarnir víðsvegar að, eða frá 19 löndum og 4 heimsálfum. Pennan vetur var í fyrsta skiptið tekið á móti nema frá AFS í Slóvakíu og frá Rússlandi. Þrír nemar skiptu um fjölskyldu vegna árekstra sem ekki var unnt að leysa og einn nemi var sendur aftur til síns heima vegna brota á AFS reglum.

Eldgos og óveður

Veturinn gekk vel fyrir sig. Jákvæð stemning myndaðist í hópnum og aðlögun nema og fjölskyldna gekk í heildina mjög vel.

Tekið var á móti nemunum í komubúðum í Garðaskóla í Garðabæ á föstudegi eins og venja hefur verið. Sama dag og nemarnir hittu fjölskyldur sínar í fyrsta sinn byrjaði að gjósa í Holuhrauni. Það var ekki laust við að spenna hafi myndast í hópnum við fréttirnar en sennilega þó mest tilhlökkun fyrir þeim tíu mánuðunum sem framundan voru á þessari lífandi eyju norður í Atlantshafi.

Haldnar voru 6 vikna búðir í Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ og var það námskeið með hefðbundnu sniði á meðan ennþá gaus fyrir norðan.

Norðurlandsdeild skipulagði menningarhelgi á Akureyri helgina 13.-15. febrúar. Sú ferð var valfrjál en nær allir erlendu nemarnir á landinu tóku þátt. Nemarnir ferðuðust um Eyjafjörðinn, fóru í jólahúsið, á skautadískó og í sund. Von er á að Norðurlandsdeild haldi í þessa góðu hefð.

Veðrið setti strik í reikninginn á Menningarhelgi sem var á dagskrá í mars. Á síðustu stundu var hætt við klassískan rúnt um Snæfellsnesið, vegna óveðurs. Þess í stað var öllum nemunum flýtt í bæinn á fimmtudeginum og helginni var eytt í Kópavogi með baðferð í Bláa Lónið. Litlu munaði að Ólafur Ragnar myndi missa af hópnum því auðvitað varð forsetinn eins og aðrir


veðurtepptur erlendis. Þó að námskeiðið hefði endað í Kópavogi var þetta auðvitað ævintýri líkast og áhugavert fyrir nemana að sjá „þetta reddast“ hugarfar Íslendinga í veðurhamnum þar sem dagskráin breyttist á korters fresti.

Lokabúðir voru svo haldnar 20.-21. júní. Eins og undanfarin ár hafa nemarnir ásamt fjölskyldum sínum gróðursett tré í AFS lundni samtakanna í Heiðmörk til minningar um skiptinemaárið á Íslandi. Þar eru elstu skiptinematrén nú orðin stæðileg. Andrés Jónsson, fyrir hönd stjórnar, ásamt sjálfboðaliðum og deildarstjóra erlendra nema þakkaði fjölskyldum og nemum fyrir árið. Eftir athöfnina var haldið í Sandgerði þar sem seinustu nóttinni á Íslandi var eytt.

Heiðmörk í júní 2015. Hefð er fyrir því að fósturfjölskyldur AFS kveðji erlendu nemana í Heiðmörk með því að gróðursetja tré. Aðskilnaðurinn er oft á tíðum erfiður en óvallt má heyra á fjölskyldumeðlimum að árið hafi verið ótrúlega gefandi og skemmtilegt. AFS á Íslandi færir AFS fjölskyldum innilegar þakkir fyrir árið - þið gerid starf okkar mögulegt. ▼



Staðsetning erlendu nemanna síðustliðin 2 árin
ATH. skrásetning miðar við fyrstu fjölskyldu allra nema.



Dreifing nema um landið

Metnaður hefur verið lagður í það að dreifa nemum jafnt um allt land og varð skiptingin hnífjöfn í ár, þ.e. ef deilt er upp á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Utan höfuðborgarsvæðis er Norðurlandsdeild sterkust í takt við íbúafjölda. Glöggir sjá einnig að annað árið í röð verða tveir nemar hýstir í Búðardal og því fögnum við hjá AFS. Á kortinu hér að neðan má sjá dreifingu nema veturinn 2014-15 og áætlaða dreifingu hóps sem kemur til landsins veturinn 2015-2016.

Fræðsla í menningarläsi fyrir fósturfjölskyldur, tengiliði og skóla

Aukið hefur verið við fræðslu fósturfjölskyldna undanfarin ár með góðum árangri.

Á fósturfjölskyldufræðslu haustið 2014 var gefin út ný og aðgengileg handbók sem nýst hefur fjölskyldum vel. AFS á Íslandi leggur mikla áherslu á að handbækur og annað fræðsluefni fyrir til dæmis skóla og tengiliði verði uppfært og aðgengilegt eins fljótt og mögulegt er. Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á hugmyndafræði samtakanna, bæði hér heima og erlendis, sem og aukna menningarläsisfræðslu sem er stór partur í því að auka gæði AFS. Það sýnir sig líka að með aukinni fræðslu gengur aðlögunarferlið betur bæði hjá nemum, fjölskyldum, tengiliðum og skólum.



Liður í aukinni fræðslu snýst einnig um það að ná til sem flestra og á haustdögum fór deildarstjóri erlendra nema norður til Akureyrar og hélt þar fræðslu fyrir fjölskyldur og tengiliði í Rósenborg. Það gekk vel og stefnt er að því að halda viðteknum hætti á næsta ári.



Inspired by Iceland og gosið í Eyjafjallajökli

Fjölgun nema milli árána 2014 og 2015 er töluverð eða úr 30 nemum í 37 sem er yfir 30% hækkun. Það er langt síðan Ísland hefur þurft að hafna jafn mörgum nemum og nú síðastliðið vor í umsóknarferlinu. Það má því segja að Ísland sé komið á kortið, bæði hjá ferðamönnum og skiptinimum. Mörg lönd sóttu um aukapláss og einnig voru samþykktar umsóknir frá nýjum löndum. Í fyrsta skipti tókum við á móti stúlku frá Bosnín og Hersegóvínu og veitti AFS á Íslandi henni námstyrk til dvalarinnar.

Hvaðan koma nemarnir okkar?



100 ÁRA AFS



Heimsping og 100 ár frá tilurð AFS

Heimsping AFS er haldið annað hvert ár og var vel við hæfi að finna því stað í Parísarborg haustið 2014. Á heimspingi koma fulltrúar AFS landanna saman og bera saman bækur sínar. Að þessu sinni var þingið ansi fjölmennt og fræddust og fögnuðu fulltrúar frá yfir 50 þjóðlöndum því að 100 ár eru liðin frá tilurð samtakanna. Eins og flestir vita eiga samtökin rætur sínar að rekja til fyrri heimsstyrjaldarinnar þegar bandarískir sjálfboðaliðar stofnuðu samtök sjúkrabilstjóra, The American Field Service. Markmið þeirra var að hlúa að stríðshrjádum á vígvöllum Evrópu og koma þeim undir læknishendur. Að síðari heimsstyrjöld lokinni ákváðu sjálfboðaliðarnir að stofna til ungmennaskipta með það að markmiði að minnka líkur á að hörmungar stríðsins endurtækju sig. Boðið var til málþings í lok Heimspings undir yfirskriftinni „AFS og alþjóðafræðsla: Lærum að búa saman - frá hugmynd til framkvæmda (Learning to Live Together—from Ideas to Action: AFS Global Intercultural Education Symposium).



Hartnær 60 ár frá því að AFS á Íslandi hóf ungmennaskipti

AFS á Íslandi var stofnað árið 1957 en það ár héldu fyrstu átta skiptinemarnir til Bandaríkjanna. Síðan þá hafa þúsundir Íslendinga haldið til ársdvalar á vegum samtakanna. Á heimsvísu nýta um 1,2 þúsund ungmenni um allan heim sér tækifærið árlega og halda utan í með AFS, í lengri eða skemmri tíma, dvelja hjá fjölskyldum og ganga í skóla með jafnöldrum sínum í dvalarlandinu. AFS á Íslandi fagnar því 60 ára afmæli sínu árið 2017.



Vigdís beðin að ávarpa málþing í Unesco höfuðstöðvum í París

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, heiðraði gesti heimspings AFS í París í byrjun nóvember sl. með komu sinni og ávarpaði málþing sem haldið var vegna 100 ára afmælis samtakanna í höfuðstöðvum UNESCO. Fleiri þekktir leiðtogar komu einnig fram á þinginu ásamt frú Vigdís, þ.á.m. friðarverðlaunahafi Nóbels og fyrrum forseti Kosta Ríka, Óscar Arias, Andreas Schleicher yfirmaður menntamála hjá Efnahags- og framfarastofnuninni OECD, ásamt ýmsum háttsettum fulltrúum UNESCO og Sameinuðu þjóðanna.

Samstarf Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og AFS á Íslandi

Á málþinginu undirrituðu formaður fræðslusamtakanna AFS á Íslandi og framkvæmdastjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sérstakan samstarfssamning. Samstarfið felur í sér rannsóknir á menningarlausni í tengslum við skiptinám ungmenna hér á landi og erlendis. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur starfar undir merkjum UNESCO og það var því vel við hæfi að undirrita samstarfssamninginn í höfuðstöðvum stofnunarinnar í París.



▲ Sitjandi frá vinstri: Vincenzo Morlini forseti AFS, Erlendur Magnússon formaður Hollvina AFS á Íslandi, frú Vigdís Finnbogadóttir, Rúnar Skúli Magnússon formaður AFS á Íslandi og Christian Kurtén formaður stjórnar AFS International. Standandi eru Jóna Fanney Friðriksdóttir framkvæmdastjóri, Ragnar Þorvarðarson stjórnarmaður í Evrópusamtökum AFS (EFIL), Berglind Ásgeirsdóttir sendiherra Íslands í París

TEXTI

Agnès Vala Bryndal, verkefnastjóri AFS



BÆTTIR VERKFERLAR LEIÐA TIL HAGRÆÐINGAR

Greiðslusamningakerfi AFS

Greiðslusamningar þátttakenda AFS hafa nú alfarið verið unnir á hinum veflæga grunni sem klárað var að þróu og prófa sl. haust. Þó er óhætt að segja að þróun á svona grunni getur aldrei verið að fullu tæmandi því alltaf er jú hægt að bæta viðmót og vinnslu til þess að gera hann notendavænni. Sú vinna hefur því verið viðvarandi frá því að hann fór í loftið. Bæði hafa þar komið til ábendingar frá notendum og einnig hafa starfsmenn sem vinna við grunninn komið með ábendingar um það sem betur má fara. Í fyrstu voru gerðar þrjár stiklur sem áttu að nýstast, starfsmönnum, forsvarsmönnum samninga og greiðendum. Forsvarismaður er sá sem fer fyrir samningnum og er sá aðili líka greiðandi hins vegar getur verið að fleiri komi að greiðslu samningsins þ.e. að greiðsluþyrði sé skipt og það er því á ábyrgð forsvarsmannsins að skilgreina þá greiðendur og senda þeim sinn greiðslusamning.

Á meðan að samningurinn er í þessari stöðu er ekki hægt að senda hann inn til AFS til samþykktar, allir aðilar verða að klára sinn hluta áður en hægt er að senda samninginn inn. Þegar í þessu tilfelli Gísli hefur klárað samninginn mun nýr hnappur birtast þarna efst sem segir „Senda greiðslusamning til AFS“. Þegar hann smellir á þann hnapp fær Pórey, sem er forsvarismaður greiðslusamningsins, meldingu um að búið sé að klára og þá getur hún farið inn. Þá er að sama skapi kominn þessi hnappur efst á síðunni hjá henni, það er ekki fyrr en hún smellir á hjá sér að starfsmenn AFS fá meldingu um að greiðslusamningur bíði samþykkis. Pórey sem forsvarismaður getur aldrei farið inn í greiðslusamning Gísla því aðgangur þeirra eru aðskildir hún sér því aðeins þessa sýn hér að ofan þ.e. greiðsluyfirlit.

Þetta fyrirkomulag hefur virkað mjög vel en eins og áður sagði þá höfum við jafnt og þétt verið að sjá nýjar leiðir sem auðvelda notendum vinnsluna. Stiklurnar voru í fyrstu slóðir í netpósti sem sendur er út til forsvarsmanna og greiðenda, hins vegar kom fljótlega í ljós að notendur lásu ekki allar útskýringar með samningnum og því fóru stiklurnar oft framhjá notendum. Því var bruggðið á það ráð að setja þær inn annarsvegar á greiðsluyfirlitinu sem sést á myndinni hér að framan; í þeirri stiklu er farið yfir hvað forsvarismaðurinn þarf að gera til þess að hann og aðrir greiðendur geti hafið sína vinnu. Stiklan fyrir greiðendur var því sett inn í greiðslusamninginn sem birtist þegar smellir er á nafn notandans. Með þessu náðum við athygli flestra notenda en sumir þeirra töldu sig ekki þurfa að skoða stikluna og slógu henni því út sem varð til þess að þeir þurftu aðstoð frá starfsmönnum við að klára samninginn.

Það er því á verkefnalista fyrir næsta fund með þjónustufyrirtækinu Premis að setja inn möguleika fyrir notendur að spila stiklu aftur slái þeir henni út, sem mun verða mikill munur fyrir notandann.

Félagatal AFS

Vinna við félagatalið hefur aðeins mætt afgangi þar sem greiðslusamningar og önnur verkefni hafa haft forgang. Það er hins vegar aldrei langt undan þegar verið er að vinna að frekari þróun greiðslusamninganna þar sem þetta tvennt er jú óhjákvæmilega samofið. Félagatalið nýtur því ágóða af þeim breytingum og lagfæringum sem gerðar eru. Það þarf samt að halda því verkefni gangandi og eru stöugt að koma fram hugmyndir um

Greiðsluyfirlit					
HEFTA VIÐ SAMNINGNAÐVÖL	TAKA SAMNING TELMÁNA				
<p>Þú ert að skoða greiðslusamninginn til greiðenda og eru þeir að vinna í Notum, þegar alir hafa klárað sínum hluta þá sér samninginn til AFS.</p>					
<p>LEIÐI FONDUR (A) TELMÁNA</p> <p>Nafn [Redacted]</p> <p>Kennitala [Redacted]</p> <p>LEIÐI FONDUR (B) TELMÁNA</p> <p>Þráttur 1900000 ISK</p> <p>Látið séu skipt er um 2% (200000)</p> <p>Ákvar 1500000 ISK</p> <p>Ákvarðunartími 16.03.2016</p> <p>Ákvarðunartími 27.02.2017</p> <p>TRÁÐGJAFAN (A) TELMÁNA</p> <p>Heildarupphæð 1 800 000 ISK</p> <p>Var af staðfestingargjöldi 150 000 ISK</p> <p>20% greitt fyrir 16.11.2015 af heildarupphæð 375 000 ISK</p>					
GREIÐENDUR					
Kennitala	Nafn	Nafnang	Hlutfall af staðfestingargjöldi	20%	Heildarupphæð
[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	0 ISK	180 000 ISK	800 000 ISK
[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	150 000 ISK	218 000 ISK	1 000 000 ISK
[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	150 000 ISK	375 000 ISK	1 800 000 ISK
[Redacted]	[Redacted]	[Redacted]	0 ISK	0 ISK	0 ISK

▲ Hér má sjá dæmi um greiðslusamning þar sem forsvarismaður hefur klárað sinn hluta en annar greiðandi sem hann hefur skilgreint hefur ekki skilgreint sinn hluta og því er kassinn fyrir framan nafn hans ennþá rauður

F.v. Krístrún Ingunn, Jóhanna Gabriela, Stella og Sigrún
Maggý kampakátar á leið til Englands í 2 vikur ásamt
Agnesi Völu, fararstjóra ferðarinnar.



TUNGUMÁLA- NÁMSKEIÐ Í ENGLANDI FYRIR 13+

Á árinu var ákveðið að kanna með áhuga Íslenskra ungmenna á aldrinum 13-16 ára á tveggja vikna tungumálanámskeiði í Englandi. Fjórar stúlkur sóttu um og héldu þær til Sutton Valence í júlí sl. ásamt fararstjóra, Agnesi Völu, starfsmanni skrifstofu.

Pótti vel til takast í alla staði og mun AFS á Íslandi halda áfram að bjóða þessum nýja markhópi, sem er mun yngri en ársnemarnar, tungumálanámið á Englandi.

Eftir heimkomu voru stúlkurnar beðnar um að skrifa kostina og gallana við

dvölinu og upplifunina. Hér eru nokkur ummæli frá þeim:

„Frábær reynsla, skemmtilegt umhverfi, gott starfsfólk, fjölbreytt dagskrá, samskipti við fólk frá öllum heiminum. Hefði mátt vera meiri frítími en allt var svo æðislegt“.

hvað hægt sé að bæta hvað varðar þær upplýsingar sem eru sýnilegar á félögum okkar þar inni. Einnig hvað varðar úttekt lista úr kerfinu og með hvaða hætti upplýsingar eru skimaðar við úttekt lista. Allar þessar hugmyndir eru komnar á blað og verður þeim komið á framfæri á næsta fundi okkar með hugbúnaðarfyrtækinu.

Ferðakostnaður AFS

Miklar breytingar hafa átt sér stað hvað varðar bókun flugs fyrir nema sem ferðast á vegum AFS. Með auknu framboði á leitavélum á netinu hefur kostnaðarvitund okkar hvað varðar þennan hluta eflist mikið. Þegar við leitum eftir tilboðum frá samstarfsaðilum okkar sérstaklega þegar um löng ferðalög er að ræða s.s. til Asíu, S-Ameríku og Bandaríkjanna getum við notað leitarvélnar til þess að hjálpa okkur að vera á verði gagnvart kostnaði.

Það hefur komið sér vel að geta verið með allar klær úti og upplýst ferðaskrifstofur um að við náum betri verðum en þær í gegnum þessar vélar. Það hefur líka gert okkur betri í því að sjá hvaða leiðir eru betri hvað varðar biðtíma á flugvöllum og millilendingar sem of hafa verið mjög stór þáttur í ferðalagi nemanna okkar. Við viljum auðvitað lágmarka biðtíma og millilendingar, en ekki með dýrari ferðum heldur með það að sjónarmiði að ferðalagið sé ekki of langt og flókið fyrir nema sem jafnvel eru að ferðast einir í fyrsta skipti.

Vegabréfsáritanir AFS

Vegabréfsáritanir eru stór hluti af undirbúningi nemanna fyrir brottför. AFS hefur verið nemum sínum innan handar hvað þessi mál varðar til margra ára en þau verða sífellt flóknari og krefjast mikillar yfirsýnar. Kröfur landanna eru mismunandi og taka sífelldum breytingum sem og kostnaðurinn sem þeim fylgir. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að þessi kostnaður er ekki innifalinn í þátttökugjöldum AFS, enda væri það ómögulegt þar sem hann er svo mismikill fyrir hvert þátttökuland. Við höfum verið að miðla þessum upplýsingum til væntanlegra nema í gegnum heimasíðuna okkar en það kemst oft illa til skila til forráðamanna þar sem neminn fer oft af stað og gerir sér ekki grein fyrir þeim kostnaði og þeirri viðamiklu gagnaöflun sem vegabréfsárituninni fylgir.

Við sendum öllum nemum og forráðamönnum bréf og gátlista yfir þau gögn sem þeir þurfa að afla fyrir vegabréfsáritunina sem þeir þurfa til síns hýsingarlands. Við setjum þeim einnig tímamörk því þeir þurfa að koma gögnunum til okkar og við áfram-sendum síðan gögnin fyrir alla nemana saman til þess sendiráðs sem gefur áritunina út. Það getur oft verið stressandi þegar gögn koma ekki á réttum tíma en við erum hörð á því að ef ekki er skilað á réttum tíma þá látum við ekki gögn sem eru tilbúin bíða. Þeir nemar sem ekki skila á réttum tíma bera því hærra sendingarkostnað en þeir sem skila í tíma. Endanlegur kostnaður

hvað vegabréfsáritanirnar varðar liggur oftast ekki fyrir fyrr en nokkrum vikum eftir brottför nemans þegar allir reikningar liggja fyrir og er þar sendingarkostnaður hraðþjónustunnar aðal málið. Einnig er um að ræða þann kostnað sem hýsingarlöndin senda okkur vegna undirbúningsvinnunnar sem fór fram við útlendingastofnun í viðkomandi landi.

Við höfum lengi hugsað okkur hvernig við getum komið þessum upplýsingum á framfæri við nema og foreldra og kom lausnin til okkar frá vinum okkar í Noregi. Við fengum þaðan góða hugmynd sem hrint hefur verið í framkvæmd og mun verða sett inn á heimasíðuna okkar sem og inn í framhaldsumsókn nemanna okkar til þess að þessar upplýsingar fari ekki framhjá neinum sem þær þurfa að hafa. Við leggjum áherslu á það við nema og forráðamenn að við getum aldrei gefið annað en áætlaða mynd af þessum kostnaði þar sem hann er svo breytilegur frá ári til árs og jafnvel á milli brottfara hjá okkur. Við búum hins vegar vel að því að í flestum tilfellum hefur fólk skilning á þessu og er þakklátt fyrir að við séum þeim innan handar með alla þessa vinnu.

TEXTI

Sólveig Vilhjálmisdóttir

SKÓLASAMSTARF VIÐ RÚSSLAND

Á heimsþingi AFS haustið 2014 leituðu fulltrúar Rússlands til formanns og framkvæmdastjóra AFS á Íslandi um frekara samstarf á sviði skólamála. Var þeirri málaleitan vel tekið og tóku þær Sólveig Ása Tryggvadóttir, starfsmaður skrifstofu, Sólveig Vilhjálmisdóttir, sjálfboðaliði AFS ásamt Alexöndru Viðar, kennara í Kvennaskólanum að sér að skipuleggja samstarfið nánar.

Úr varð að hingað til lands komu þrír fulltrúar frá AFS í Rússlandi til Íslands í byrjun júní 2015. Í hópnum var einn starfsmaður AFS í Rússlandi sem sér um tengsl AFS við skóla og bekkjarskipti á milli landa. Tveir gestanna voru sjálfboðaliðar með mismundi reynslu innan samtakanna í Rússlandi. Farið var með þau í skólaheimsóknir á öll skólastigin hjá okkur. Þau heimsóttu Snælandsskóla, þar sem var á sama tíma námskeið fyrir nema á leið út í skiptinátt, hittu þau þar fyrir íslenska sjálfboðaliða sem fóru í gegnum skipulag námskeiðsins. Einnig fóru þau í heimsókn í Háskólans í Reykjavík og tók Kvennaskólinn í Reykjavík vel á móti íslensku og rússnesku sendinefndinni. Þá buðu Rússarnir til kynningar á starfi AFS í Rússlandi á skrifstofunni. Og auk heimsóknar í sendiráð Rússlands á Íslandi, fengu þau að sjálfsögðu að njóta íslenskrar náttúru upp á sitt besta.



▲ Sólveig Vilhjálmisdóttir og Pavel Redkin kennari frá Rússlandi í Bláa Lóninu.

Til að efla þetta samstarf var okkur, úr íslenska undirbúningshópnum, boðið til Rússlands nú í haust. Á þeim tíma sem við vorum að spá í að fara var auglýst námskeið á vegum EFIL þar í landi á efni tengdu m.a. skólamállum. Fannst okkur því tilvalið að sækja um og sóttum við allar þrjár námskeiðið sem var samstarfsverkefni EFIL og AFS í Rússlandi.



▲ Frá heimsókn í rússneska sendiráðið í Moskvuborg. Önnur f.v. Alexandra Vidar, kennari í Kvinnó, Nonna Kovrizhnykh, framkvæmdastjóri AFS í Rússlandi, Sólveig Vilhjálmisdóttir, sjálfboðaliði AFS, starfsmaður sendiráðsins í Rússlandi og Sólveig

Yfirskrift námskeiðsins var Inclusive Europe og var það haldið 13.-20. september í Kirov. Segja má að námskeiðið hafi byrjað á aðalbrautarstöðinni í Moskvu, því þar hittist hópurinn í fyrsta skipti. Hópurinn samanstóð af fulltrúum frá ólíkum löndum og aldri, sem var mjög áhugavert. Það sýnir okkur hvað AFS er þýðingarmikið í að tefla saman yngra og eldra fólk, fá þar með fjölbreytta umræðu og reynslu út í samfélagið.



▲ : Í lest á leið frá Kirov til Moskvu. F.v. Sólveig Vilhjálmisdóttir, Marín Björt Valtýsdóttir, Alexandra Vidar og Sólveig Ása Tryggvadóttir.

Ferðinni var haldið til borgarinnar Kirov sem er 13 klst lestarferðar fjarlægð frá Moskvu. Þar tók við mikið og metnaðarfullt námskeið sem stýrt var af leiðbeinendum innan landa EFIL. Farið var í gegnum hin ýmsu hugtök sem mikið er um rætt í okkar samfélagi í dag. Einnig var farið í gegnum hvernig hægt væri efla skilning á hugtakinu hnattræn menntun, (Global Education) og menningarläsi (Intercultural Learning). Einnig heimsóttum við skóla bæði í Kirov og Moskvu.



▲ Fulltrúar AFS á Íslandi í sendiráði Rússlands á Íslandi ásamt gestum frá AFS Rússlandi.

RÁÐSTEFNA Í ARGENTÍNU

Í tengslum við 100 ára afmæli AFS gerðust fulltrúar AFS í Argentínu rausnarlegir og buðu til ráðstefnu ungra sjálfboðaliða undir yfirskriftinni „AFS Youth Volunteer Forum“.

AFS á Íslandi lét sig ekki vanta á AFS Youth Volunteer Forum sem haldið var í Buenos Aires í Argentínu dagana 16.-18. apríl 2015. Fulltrúi Íslands var Alma Dóra Ríkarðsdóttir en einnig var Marín Björt Valtýsdóttir, sjálfboðaliði AFS á Íslandi, á staðnum sem fulltrúi EFIL. Voru þær meðal 50 þátttakenda frá 24 þjóðríkjum víðsvegar um heim.

Meginmarkmið viðburðarins var að virkja unga sjálfboðaliða innan AFS og skilgreina þau vandamál sem hindra þátttöku þeirra í starfinu. Notast var við niðurstöður könnunar sem deilt var á samfélagsmiðlum meðal sjálfboðaliða út um allan heim til að gera grein fyrir þessum áskorunum. Skipt var niður í megin þemu eins og t.a.m. fjölbreytni, ákvarðanatöku, persónuleg þróun og virk samfélagsþátttaka.

Þátttakendur viðburðarins fengust svo við það verkefni að finna lausnir sem hægt væri svo að deila með AFS deildum aum heim allan. Niðurstöður vinnuhópanna voru kynntar á lokadegi viðburðarins við góðar undirtektir. Hver fulltrúi fékk síðan það verkefni að taka niðurstöðurnar með sér heim og vinna úr þeim með sínu heimafólki.

Alma Dóra og Marín Björta voru meðal 50 þátttakenda ►
frá 24 þjóðríkjum á ráðstefnu AFS í Argentínu.



▲
Hér sést Alma Dóra fyrir miðri mynd, lbyggjin á svip, með félögum sínum frá hinum ýmsu löndum í vinnusmiðjunni í Buenos Aires.

Þann 26. maí var síðan haldin vinnusmiðja hérna heima um viðburðinn undir heitinu Vegferð sjálfboðaliðans. Þar tóku sjálfboðaliðar AFS á Íslandi vel undir niðurstöðurnar og það sem átti að vera tveggja tíma vinnusmiðja varð að heilu kvöldi af hugmyndavinnu þar sem ýmis verkefni komu upp.

Það má því með sanni segja að þátttaka okkar á AFS Youth Volunteer Forum hafi gefið heilmikið af sér inn í starfið okkar og spennandi verður að sjá fleiri hugmyndir verða að veruleika með tíð og tíma.

Við þökkum AFS í Argentínu fyrir þetta frábæra framtak!



TEXTI

Katrín Pöll Ingólfssdóttir
Formaður Reykjavíkurdeldar

REYKJAVÍKUR- DEILD

Það er ánægjulegt að líta um öxl yfir liðið ár enda má segja að mikill kraftur hafi blossað upp í sjálfboðaliðastarfi Reykjavíkurdeldar á tímabilinu. Margar hendur vinna létt verk og ekki síður mikilvæg. Eftir að hafa snúist í AFS hringiðunni í dánokkurn tíma verður manni æ ljósara hvað AFS byggir að öllu leyti á því fólki sem myndar þetta merkilega fyrirbæri.

AFS fyrir sjálfboðaliðann

Sjálfboðaliðahópurinn hefur farið stækkandi og nú hefur heilmikil sérþekking safnast upp enda höfum við verið dugleg að sækja okkur þekkingu með því að sækja ýmsar vinnusmiðjur og námskeið á borð við Volunteer Summer Summit (VSS) og AFS Youth Forum. Það er gífurlega mikilvægt að rétta þekkinguna og kyndilinn áfram til næsta aðila í síbreytilegu starfi. Þess vegna eru haldin sjálfboðaliðanámskeið tvisvar yfir árið þar sem nýliðar sjá hvernig hægt er

að taka fyrstu skrefin innan AFS. Jafnframt höldum við smásmiðjur jafnt og þétt yfir árið þar sem einstaklingar fá tækifæri til að miðla sinni þekkingu áfram. Á árinu gerðum við svo ýmislegt til að gera okkur glaðan dag saman; má þar nefna grill, kaffihúsakvöld, SingStar, sushi-smökkun, fjallgöngur, búbbulbolta og í október var svo haldin stórglæsileg árshátíð með tilheyrandi ræðuhöldum.

Hversdagsleiki eða menning?

Starf með erlendum nemum er eitt af stóru verkefnum deildarinnar. Námskeið eru haldin sérþúin til að gera dvöl þeirra eins gefandi og ánægjulega og mögulegt er. Einnig gerðu sjálfboðaliðar og nemar ýmislegt saman sér til yndisauka eins og sjósund, baka piparkökur, skoða hvalasafnið, flatmaga í Bláa lóninu, halda fjölpjódlegt þorrablót, litlu-jól, stofna jólakór auk þess að rifja upp slétt og brugðið á þrjónakvöldum.

Heimsmenning á þínu heimili?

Sýnileiki er annar bakbiti í starfinu og speglast jafnan í fjölda sendra nema og fósturfjölskylduöflun. Við vildum auka sýnileika okkar meðal íslenskra ungmenna og á endanum var farið með hátt í 60 skólakynningar í grunn- og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þetta finnst okkur mikilvægt og e.t.v. væri gott að fara í svipað verkefni til að auka sýnileika meðal íslenskra fjölskyldna. Okkar leið til þess var að vinna myndband, í samstarfi við Irene sem kom á vegum EVS. Í myndbandinu sýnum við frá hversdagslegu lífi fjögurra undir yfirskriftinni heimsmenning á þínu heimili? Í sumar breyttist skrifstofan svo vikulega í símaver þar sem sjálfboðaliðar tóku höndum saman við fósturfjölskylduöflun - enda stór hópur við það að nema hér land um haustið.

Það er erfitt að setja fram tæmandi lista yfir afthafnir og viðburði sjálfboðaliða AFS en á tímabilinu voru til að mynda tekin fjölmörg viðtöl, foreldrar róaðir á opnum húsum, Já, við ferðumst! hópurinn vann að því að auka aðgengi fólks með fatlanir að skiptinámi, annar hópur tók síðan þátt í verkefni Evrópuvikkunnar í samstarfi við mannréttindastofu, fjölmenningsdagurinn var haldinn hátíðlegur og svo mætti lengi telja.

Það er því ljóst að liðið ár var vægast sagt viðburðamikil. Ekkert af þessu væri mögulegt ef ekki væri fyrir tilstilli hóps öflugra sjálfboðaliða og starfsmanna sem eiga í minnsta lagi skilið medalíu.



Hvar væri AFS án sjálfboðaliðanna? Svárið er einfalt: AFS væri ekki til. Hver og einn einasti sem tekur til hendinni í þágu AFS er mikilvægur hlekkur í keðjunni. Smáu hlutirnir sem og þeir smærri skipta máli. Því langar stjórn til að þakka hverjum einasta sjálfboðaliða sem lagt hefur hönd á plóg kærlega fyrir óeigingjarnt starf í þágu AFS á árinu.

Tveir öflugir liðsmenn fá í ár titilinn „Sjálfboðaliðar ársins“, þær **Berglind Vignisdóttir** og **Alma Dóra Ríkarðsdóttir**. Já, það var bara ekki hægt að gera upp á milli þessara kraftakvenna. Svo einfalt er það.

TAKK stelpur fyrir dugnaðinn, áræðnina, frumkvæðið, þolinmæðina og greiðviknina!



SJÁLFBODALIÐAR ÁRSINS



MYNDIR ÚR STARFINU



IRENE MANGANINI FRÁ ÍTALÍU

SJÁLFBODALIÐI Á SKRIFSTOFU

FEBRÚAR - OKTÓBER 2015

„Hey, Írena mín, þú og dvölin þín á vegum EVS verður að vera í ársskýrslunni okkar“ kallaði Jóna Fanney á mig um daginn. „Ekkert mál, ég skal skrifa eitthvað fljótlega“, kallaði ég glaðlega á móti. Ég uppgötvaði þó fljótt að ég hljóp aðeins á mig þegar ég svarið Jónu Fanney með þessu íslenska kæruleysi: „Ekkert mál að skrifa smá“.

Þessar fáu línur sem ég skrifa núna um dvöl mína á Íslandi er eiginlega erfiðari að skrifa en ég gerði mér grein fyrir. Hvernig á ég, í örfáum línum, að draga saman 8 mánaða dvöl í fjarlægju landi og AFS er með í spilinum, tölum ekki um allt frábæra fólkið og þetta dásamlega land sem Ísland er.

Mér þykir leitt að hafa ekki tölfræði eða gröf til að sýna hvað fram fór á þessum tíma. Ég finn hins vegar að þegar sest niður og byrja að skrifa hellist yfir mig meiri söknuður en ég áttaði mig á.

Kannski er það vegna þess að þegar ég skrifa þessar línur sit ég við skrifborðið mitt hér í Ingólfsstrætinu, í hettupeysunni minni merktri AFS á Íslandi, á samræður hér inni á milli við félagamína hér á skrifstofunni og þetta er allt svo mikið „mitt“. Í senn hversdagslegt og fallett. Það gerir mér erfiðara um vik að hugsa til þess að ég verð komin uppí flugvél á leiðinni heim eftir einn og hálfan sólarhring.

En, hey, þetta átti víst að vera skýrsla! Tökum söknuðinn út og ræðum lítillega um hvað hefur á daga mína drifið þessa átta mánuði sem ég hef verið verið á skrifstofu AFS á Íslandi.

Áður en ég kom var allt nokkurn veginn á hreinu hvað ég átti að gera (eða þannig sko): „hmm, þú átt m.a. að flokka bókasafnið og aðstoða við alls konar“. Eftir að hafa gramsað í bókasafninu í eina viku og tætt niður nokkur kíló af pappír hugsaði ég með mér; hmmm þetta verður í senn auðvelt starf, rólegt og... leiðinlegt.

Nú, átta mánuðum síðar sé ég hversu rangt ég hafði fyrir mér! Fljótlega urðu verkefni mín meira krefjandi og gefandi. Ég man mjög vel eftir eftirvæntingunni að mæta alltaf í vinnuna þegar ég hugsaði; það er svo mikið að gera í dag og ég get varla beðið eftir að hefjast handa“.

Starf mitt á skrifstofu AFS hefur verið afar fjölbreytilegt þessa átta mánuði; allt frá því að framkvæma skoðanakannanir og vinna úr niðurstöðum þeirra, í að útbúa nýtt kynningarefni, aðstoða við að finna hagstæðustu flug fyrir nemana, fylgja eftir ýmsum erindum bæði varðandi íslensku og erlendu nemana, senda tölvupósta út um allar trissur, aðstoða á námskeiðum, vinna



▲ Írena - við söknum þín öll!



í Erasmus+ pappírflóði, hitta og knúsa sjálfbodaliða og undirbúa með þeim frábæran IDD dag (Intercultural Dialogue Day) í Hinu Húsinu í lok september. Já og gera myndband líka!

Á þessum tíma hef ég lært svo ótal margt (fyrir utan að ég þarf að koma aftur til að ná fullu valdi á íslenskunni!) og fengið innblástur frá svo mörgu fólki og stöðum á marga vegu. Ég vona að í leiðinni að ég hafi verið að einhverju gagni og að ég hafi gagnast sjálfbodaliðunum og veitt gott liðsinni á skrifstofunni.

Ég kveð ykkur með uppáhalds tilvitnun minni - eða eins og sagt er „...some food for thoughts“: Við getum ekki hjálpað öllum, en allir geta hjálpað“.

Takk fyrir allt saman, ég mun sakna ykkar allra. Irene.

VIÐ GETUM EKKI HJÁLPAÐ ÖLLUM, EN ALLIR GETA HJÁLPAÐ.

MAMEN

MÁNAÐARLEGIR VIÐBURÐIR MEÐ ERLENDUM NEMUM

Mamen viðburðir heppnuðust mjög vel á starfsárinu. Veturinn byrjaði með notalegu kaffihúsvöldi á Loft- hosteli. Síðan var farið í sjósund þar sem nemarnir voru duglegri að fara í sjóinn en Íslendingarnir. Eftirspurn erlendu nemanna í í sjósund var mikil.

Við héldum einnig bíómyndkvöld á skrifstofunni. Í desember var hist og bakað piparkökur fyrir jólin, sem heppnaðist mjög vel og allir fóru vel saddir heim.

Í byrjun árs var haldið þorablot! Þorramaturinn fór misvel í fólk en engu að síður skemmtileg upplifun að fá að kynnst undarlegum matarvenjum Íslendinga.



Varúlfur sló í gegn hjá bæði nemum og sjálfboðaliðum á árinu og var því haldið varúlfskvöld á skrifstofunni. Síðan var auðvitað ekki hægt að sleppa þeim héðan án þess að kenna þeim aðeins að þrjóna og árangurinn á tveimur kvöldum var framúrskarandi. Krakkarnir voru fljót að þrjóna og ein fór í lok árs heim með lopapeysu sem hún þrjónaði sjálf.

Í lok ársins var góða veðrið nýtt og við skelltum okkur í Esjugöngu í blíðunni.

Nemar og sjálfboðaliðar áttu því góðar stundir saman síðastliðið ár og nutu þau tækifæri sem gáfust til að kynnst hvort öðru!



Sigurros Huldudóttir


TEXTI



▲ Formenn og framkvæmdastjórar Norðurlandanna. Frá vinstri: Ulrik Wehner, Ragnar Þorvarðarson, Anna Käll, Martin Strehl, Marit Grönskei, Amalie Ferdinand, Mikko Sainio og Jóna Fanney Friðriksdóttir.

NORDIC MEETING Í REYKJAVÍK 2014

Fulltrúar AFS frá Norðurlöndunum ákváðu fyrir nokkrum misserum að taka upp gamlan og góðan sið og styrkja böndin með því að formenn og framkvæmdastjórar þessara landa fundi árlega. Árið 2013 hittist hópurinn yfir helgi í Stokkhólmi en á líðandi starfsári var komið saman í Reykjavík í september 2014. Eru allir sammála um að þetta fyrirkomulag gefist vel og styrki bæði einstaklingana í störfum sínum sem og samvinnu landanna.



IDD Í HINU HÚSINU

Intercultural Dialogue Day (IDD) er alþjóðlegur dagur sem haldinn er víðsvegar um Evrópu til þess að vekja fólk til umhugsunar á hinum ýmsu málefnum. Hvert ár er ákveðið þema og í ár var þemað „Active Global Citizenship“ eða „Virki og ábyrg samfélagsþátttaka í alþjóðasamfélaginu“



Laugardaginn 26. september bauð AFS á Íslandi upp á fræðslu í virkri alþjóðlegri samfélagsþátttöku í Hinu Húsinu. Meginþemar var: Hvað get ég gert til að vera virki(ur) og bætt samfélagið mitt sem og alþjóðasamfélagið?

Í fyrri hluta viðburðarins var boðið upp á vinnusmiðjur og fyrirlestra sem tengjast mismunandi hliðum samfélagsþátttöku. Í seinni hluta kynntu auk AFS, frjáls félagasamtök starfsemi sína og sínar aðferðir við að taka þátt í alþjóðlega samfélaginu.

Viðburðinn gekk afar vel, margir mættu og umræður voru í senn afar áhugaverðar og fræðandi.

TEXTI

Ásmundur Guðjónsson

MENNINGARLÆSI OG MINNIHLUTA HÓPAR

Í febrúar 2015 fór ég á námskeið sem var skipulagt af EFIL og haldið í Búdapest í Ungverjalandi. Þema námskeiðsins var „Intercultural Learning With Migrants and Minorities“. Auk EFIL var námskeiðið í samvinnu við Evrópuráðið og samtökin VYRE (Voices of young refugees in Europe) og Phiren Amenca. Þau síðarnefndu eru samtök Rómafólks sem berjast fyrir réttindum þessa minnihlutahóps. Námskeiðið var haldið í flottri aðstöðu í ungmennasetri Evrópuráðsins í Búdapest.

Snemma morguns 8. febrúar lagði ég af stað út á Keflavíkurlugvöll, og kom til Búdapest um 7 leytið um kvöldið eftir að hafa millilent og farið milli flugvalla í London. Námskeiðið átti að standa yfir í viku, og hafði ég tiltölulega litla hugmynd um hvað námskeiðið nákvæmlega snérist um. Né hafði ég vitneskju um þau samtök sem komu að skipulagningu þessa viðburðar, fyrir utan EFIL auðtívað. Ég hafði óljósa mynd af viðfangsefninu auk þess sem ég kannaðist við nokkra þáttakendurna frá EFIL af fyrri viðburðum (VSS).

Námskeiðið fór af stað á þennan „hefðbundna“ AFS máta; icebreakers og team building. Á námskeiðinu unnum við í fjölda smíðja sem veittu ágætis innsýn í þemað. Auk þess áttum við í seinni hluta námskeiðsins að byrja á samfélagsverkefni sem var ætlast

til að við myndum halda með áfram eftir námskeiðið. Þar fæddist Já, við ferðumst, verkefnið sem við höfum verið að vinna í til að auka aðgengi fatlaðra að skiptinámi.

Það áhugaverðasta við námskeiðið sjálft verð ég samt að segja var að kynnst starfsemi samtakanna Phiren Amenca og hitta sjálfboðaliða þeirra. Eins og einhverjir vita þá hefur Rómafólk þurft að þola gífurlegar ofsóknir í gegnum aldirnar; bara sem dæmi voru þeir líklega sá hópur sem varð verst út í helförinni, ef frá eru taldir gyðingar. Munurinn er hins vegar sá að lítið hefur breyst þeim í hag og var mjög áberandi meðal sjálfboðaliða Phiren Amenca að þeir höfðu litla tiltrú á evrópska kerfinu eða yfirhöfuð framförum þegar kemur að málstað þessa fólks.

Slíkt vonleysi var mér frekar framandi en á vissan hátt skiljanlegt þegar aðstæður þeirra eru skoðaðar. Enn þann dag í dag sætir þessi hópur ofsóknum, t.a.m. er mennskur dýrargarður í Rúmeníu þar sem Rómafólk er sýnt eins og dýr. Ris hægri öfgaflokka hefur einnig vakið upp slæmar minningar úr fortíðinni, þar sem pólitíkusar eru nánast farnir að kalla eftir þjóðarmorðum á þessum minnihlutahóp.

Ég var því með hálfgerð óbragð í muninum þegar ég snéri heim í íslenska skammdegið. En svo sannarlega varð ég reynslunni ríkari.



▲ Ási er með félögum sínum á námskeiðinu 3ji frá vinstri á myndinni

Alice Demurtas

VSS

PÝSKALAND 2015

Þar sem Volunteer Summer Summit (VSS) sem haldið er árlega á vegum EFIL, hefur verið vinsæll viðburður hjá okkur sjálfboðaliðunum á Íslandi, byrjuðum við að undirbúa okkur nokkuð snemma.

Þeir sjálfboðaliðar sem þegar hafa upplifað VSS vita að þessi viðburður er rosalega skemmtilegur og því vorum við með miklar væntingar.

AFS á Íslandi veitti okkur styrki fyrir þátttökugjöldunum og af stað héldum við til Berlínar, tíu orkumiklir sjálfboðaliðar full af spenningi af stað. Ekki urðum við fyrir vonbrigðum.

VSS búðirnar voru í um klukkustundar akstursfjarlægð frá Berlín. Þarna voru lítil falleg viðarhús í skugga trjána og örfá skref voru að litlu fallegu vatni. Fallegt og svalt innan trjána enda var mjög heitt þarna úti. Þegar við komum á staðinn voru sjálfboðaliðar úr allri Evrópu mættir, lágu í sólbaði eða syntu í vatninu. Við sem höfðum sótt VSS áður þekktum marga og réðum saman ráðum okkar og rifjuðum upp sameiginleg ævintýri frá fyrri VSS viðburðum. En þetta var bara byrjunin.

Þema VSS árið 2015 var Democratic Citizenship eða lýðræðisleg borgararéttindi. Þátttakendur skoðuðu þetta hugtak frá öllum hliðum á fjölda námskeiða sem í boði voru og í smásmiðjum.

Í fyrsta sinn vorum við, allir tvö hundruð og tuttugu sjálfboðaliðarnir sem mættir voru, að taka þátt í nýju verkefni sem kallast "Global Groups". Var okkur skipt í hópa samkvæmt áhugasviði okkar t.d. undir formerkjum umhverfisverndar, vinna með flóttafólki og minnihlutahópum og eftir menntun. Þetta var gert í því skyni að ná sem bestri heildarmynd af því sem er að gerast í Evrópu í dag með tilliti til þróunaráætlunar næstu fimm árin. Stofnaður var fjölmiðlahópur sem fylgdist með hópunum í smásmiðjunum og þeim sem voru í samfélagsvinnu og birti hópurnir greinar á vefsíðu VSS. Málafnin voru krefjandi og sumum fannst erfitt að hefja vinnuna en allir hóparnir birtu þó að lokum framtíðarsýn sína til ársins 2019.

Þrátt fyrir krefjandi vinnu og gagnlegar umræður um félagslega þróun innan Evrópu, umræður um hvernig Evrópusambandið virkar og um minnihlutahópa náðum við einnig að slaka á og njóta lífsins. Eftir hádegi var frítími og þá var farið á ströndina þar sem mörgum var að vísu nóg boðið vegna hitans. Á kvöldin sátum við undir stjörnuþjórtum himninum, spjöllum og dönsuðum.

Síðustu tveimur dögum eyddum við í Berlín og unnum samfélagsverkefnið okkar þar. Haldnir voru fyrirlestrar um t.d. "populisma", muninn milli Austur- og Vestur Berlínar ofl. Einnig hjálpuðum við til í flóttamannabúðum. Þessi verkefni veittu innsýn og afar sterka upplifun, sumir grétu og aðrir urðu reiðir. Allir fengu þó þessa sterku tilfinningu til að gefa af sér og hjálpa. Að upplifa þetta svona beint var til þess að út brutust tilfinningar sem okkur hefði ekki óráð fyrir.

Samtímis upplifðum við fegurðina í boðskapnum og mikilvægi VSS: þetta snýst ekki einungis um smásmiðjur og umræður. Þessi viðburður neyddi þátttakendur til að setja sig í samband við raunveruleikann sem blasir við og þá ekki í gegnum sjónvarp eða aðra fjölmiðla.

VSS er afar mikilvægur viðburður fyrir ungt fólk eins og okkur. Við erum ekki að fást við einfaldar akademískar útskýringar af félagslegum vanda. Öllu heldur, eins og AFS reynslan er, hvetur það okkur til að öðlast



dýpri skilning á ástandi sem við þekkjum ekki af eigin raun. Þannig náum við að öðlast samkennd með fólki fremur en samúð. Þessi samfélagsverkefni eru svo hvetjandi bæði fyrir okkur og fólkið sem við hittum þarna úti. Við lærðum af þessu fólki, fengum innblástur og ég tel að þau hafi einnig upplifað hið sama.

Þannig að þegar að sólblómið góða, sem næsti hópur skipuleggjenda VSS fær árlega afhent, fer yfir í nýtt land, er ljóst að við erum öll tengdari við hvert annað og umheiminn. Stór hópur fjölbreyttra einstaklinga bíður spenntur eftir að fá ný tækifæri á vettvangi VSS að ári. Við lítum á okkur sem "changemakers" bæði í eigin samfélagi sem og á alþjóða vettvangi.



▲
Mikið fjör á VSS

AFS.IS

